

11. apríl 1983

427

Nr. 274

REGLUGERÐ

um greiðslu sjúkrasamlaga á tannlækniskostnaði.

1. gr.

Auk þeirrar greiðslu tannlækniskostnaðar, sem nú gildir skv. 44. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, skulu sjúkrasamlög endurgreiða hinum tryggðu 20% kostnaðar við tannlæknisþjónustu, aðra en gullfyllingar og krónu- eða brúargerð, enda fari kostnaður ekki fram úr taxta skv. hámarksgjaldskrá tannlækna.

2. gr.

Rétt til endurgreiðslu skv. 1. grein eiga eingöngu eftirtaldir sjúkrasamlagsmenn:

1. Þeir, sem ekki eiga samtímis betri rétt til endurgreiðslu skv. öðrum reglum, t.d. 44. gr. l. nr. 67/1971.
2. Þeir, sem ekki fá né hafa fengið styrk skv. d-lið 39. gr. l. nr. 67/1971 vegna sama kostnaðar.

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins lætur tannlæknum í té, án endurgjalds, eyðublöð þau, sem ákvæði 2. greinar kalla á, svo sem greiðslukvittun.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 43. gr. i.f. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, tekur gildi hinn 1. júní 1983 og gildir um tannlæknisþjónustu veitta frá og með þeim degi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. apríl 1983.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

25. apríl 1983

Nr. 275

REGLUGERÐ

um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

1. gr.

Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips greiði sýslumenn eða bæjarfógetar f. h. ríkissjóðs, laun svo sem hér segir til skipaskoðunarmanna, gegn reikningi þeirra:

	kr.
Fyrir opinn bát	240,00
Fyrir þilfarsskip minna en 25 rúml.	460,00
Fyrir þilfarsskip 25 rúml. allt að 100 rúml.	725,00
Fyrir þilfarsskip 100 rúml. allt að 250 rúml.	1 005,00
Fyrir þilfarsskip 250 rúml. allt að 500 rúml.	1 380,00
Fyrir þilfarsskip 500 rúml. allt að 1600 rúml.	2 280,00
Fyrir þilfarsskip 1600 rúml. og stærri	2 725,00

Að auki greiðist skoðunarmönnum útlagður kostnaður, svo sem akstur og símakostnaður skv. reikningi.

Þegar skipta þarf launum, skal það gert þannig, að fyrir búnaðarskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ hluti og fyrir vélaskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ hluti og fyrir bolskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ hluti.

Hálf rúmlest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

2. gr.

Aukaskoðun, eftirlit með nýsmíði o. fl.

Fyrir aukaskoðun, mælingu skipa, eftirlit með nýsmíði, viðgerðum og breytingum greiðist samkvæmt reikningi skoðunarmanna, sama gildir um ferðakostnað.

Skal greiðslan miðuð við tímakaup fastráðinna skoðunarmanna Siglingamálastofnunarinnar fyrir dag- eða yfirvinnu, eftir því sem við á hverju sinni.

3. gr.

Hleðslumerkjaskoðun.

Fyrir hleðslumerkjaskoðun og áritun hleðslumerkjaskírteinis greiðist kr. 122,00.

4. gr.

Skoðunarmönnum er heimilt að innheimta kr. 60,00 hjá þeim sem biður um vottorð vegna endurgreiðslu tolla.

5. gr.

Reikningar.

Skipaskoðunarmenn skrifi reikninga fyrir störf sín í fjórriti, í þar til gerðar bækur, sem siglingamálastjóri lætur þeim í té.

Laun samkvæmt 1. gr. skulu sýslumenn eða bæjarfógetar greiða gegn frumriti og einu afriti, en siglingamálastjóra sent annað afrit ásamt skoðunarskýrslu.

Laun samkvæmt 2. og 3. gr. greiðir Siglingamálastofnun ríkisins gegn reikningi skoðunarmanns í tvíriti og skoðunarskýrslu.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 6. gr. laga nr. 51 12. maí 1970, um Siglingamálastofnun ríkisins, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 779 20. desember 1982, um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

Samgönguráðuneytið, 25. apríl 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur S. Valdimarsson.